



Tálknafjarðarhreppur



Vesturbyggð

Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis

Patreksjörður, 15. apríl 2024  
2404018 ÞSS

Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á hafnalögum

Vísað er til frumvarps til laga um breytingu á hafnalögum nr. 61/2003 (gjaldtaka, rafræn vöktun o.fl.), 830. var lagt fram á 154. löggjafarþingi alþingis 830. mál, þingskjal 1247.

Vesturbyggð og Tálknafjarðarhreppur (hér eftir "umsagnaraðilar") gera athugasemdir við einstök atriði frumvarpsins eins og fram kemur hér að neðan.

## 1. Tillaga um heimild til rafrænnar vöktunar

Með 4. gr. frumvarpsins eru gerðar tillögur að því að bæta við nýrri grein eftir 7. gr. hafnalaga, 7. gr. a, um rafræna vöktun.

Umsagnaraðilar ítreka fyrri umsagnir Vesturbyggðar í tengslum við frumvarpsvinnuna varðandi heimildir til rafrænnar vöktunar. Nauðsynlegt er að bætt verði við greinina um rafræna vöktun að hafnastjórn verði heimilt að veita Fiskistofu og HMS aðgang að rafrænni vöktun hafna þegar um fjarvigtun er að ræða. Samtal hefur verið milli hafnarsjóða, Hafnarsambands Íslands, Fiskistofu og ráðuneytisins um tilraunir til fjarvigtunar á minni höfnum og væri breytingin á tillögu frumvarpsins til þess fallin að rýmka fyrir því að unnt verði að heimila fjarvigtun.

Umsagnaraðilar leggja til að við 7. gr. a verði bætt eftirfarandi málsgrein:

*Enn fremur er sjórn hafna heimilt að veita Fiskistofu og Húsnæðis- og mannvirkjastofu aðgang að rafrænni vöktun hafna þegar um fjarvigtun er að ræða.*

## 2. Ákvæði um eldisgjald af eldisfiski í sjókvíum

Með 6. gr. frumvarpsins eru gerðar tillögur að breytingum á 17. gr. hafnalaga um gjaldtöku með sérstakri heimild til að innheimta eldisgjald af eldisfiski í sjókvíum, en sveitarfélögin hafa lagt mikla áherslu á að heimildin verði staðfest í lögnum.

Umsagnaraðilar hafa áhyggjur af þeirri óvissu sem það skapar í rekstri hafna að það sé sett í hendur hveirrar hafnar fyrir sig að ákvaða á hvaða grunni eldisgjaldið er ákveðið, eins og fram kemur í greinargerð með 6. gr. frumvarpsins.



Tálknafjarðarhreppur



Vesturbyggð

Umsagnaraðilar leggja til að kveðið verði skýrt á um að eldisgjald miðist við aflaverðmæti þeirra sjávarafurða sem umskipað er, lestaðar eða losaðar í höfnum og að það verði skilgreint sérstakt hlutfall af aflaverðmæti l'íkt og gert er varðandi aflagjald af öðrum sjávarafurðum.

Lagt er til að ákvæði um eldisgjald verði svohljóðandi:

„Eldisgjald af eldisfiski, þ.m.t. eldisseiðum, sem alinn hefur verið í sjókvíum eða ætlaður er til slíks eldis, sem umskipað er, lestaður er eða losaður í höfnum. Sé gjaldið innheimt skal það vera minnst 0,7% og mest 3,0% af heildaraflaverðmæti miðað við meðaltal alþjólegs markaðsverðs á Atlandshafslaxi fyrir þann mánuð sem slátrun fer fram. Stofn til álagningar gjalds samkvæmt tölulíð þessum skal miða við þyngd afurða eftir slátrun, slægðan fisk. Gjöld samkvæmt þessum staflíð skulu greidd af þeim sem rækta eldisfiskinn sem fer um höfn hverju sinni.“

### 3. Afmörkun skipulagssvæða á sjó.

Bent er á að í skýringum við 2.gr. frumvarpsins þar sem fjallað er um afmörkun skipulagssvæða á sjó svo sem þjónustusvæði kemur fram að tryggja þurfi að hafnarsvæði gangi ekki inn á svæði sem skilgreind eru í lögum um skipulag haf- og strandsvæða til að koma í veg fyrir vafa um skipulagsvald. Þar sem ljóst er að skipulag um haf- og strandsvæði tekur við utan við 115 m frá stórstraumstjöruborði getur hafnarsvæði hafa verið skilgreint á þeim svæðum samkvæmt staðháttum og eldri lögum og reglum. Þannig háttar til við Tálknafjarðarhöfn og þar hafa lög um skipulag haf- og strandsvæða skipulagt stóran hluta af skilgreindu hafnarsvæði Tálknafjarðarhafnar. Slíkir árekstrar í skipulagi valda óvissu um stöðu hafnarinnar og því ljóst að skilgreina þarf hafnarsvæði að nýju þar sem sambærilegir staðhættir eru. Slík staða getur valdið réttaróvissu um ábyrgð hafnarstjórnar á m. a. mengunarvörnum og skilgreiningu þjónustusvæðis þar til endurskilgreining hefur farið fram.

Umsagnaraðilar ítreka álit sitt á því að brýn þörf sé til þess að ganga til heildarendurskoðunar á hafnalögum í stað bútasaums við núverandi lög.

Vinsamlegast hafið samband við undirrituð sé frekari upplýsinga eða útskýringa þörf.

Virðingarfyllst,

---

Þórdís Sif Sigurðardóttir  
Bæjarstjóri Vesturbyggðar

---

Ólafur Þór Ólafsson  
Sveitarstjóri Tálknafjarðarhrepps